

**129. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni
Garðavelli,
22. júní 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður og Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1912177 - Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

Drög að samþykkt fyrir notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi liggja fyrir. Í drögunum er vísað til þess að Notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi starfar í umboði bæjarstjórnar og eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfi og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og fer einnig með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks sömu laga.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samþykkt fyrir notendaráð og vísar til afgreiðslu í bæjarráði.

2. 1910179 - Fjöliðjan

Á fundi bæjarráðs þann 8. apríl sl. beindi Skipulags- og umhverfisráð því til bæjarráðs að stofnaður yrði vinnuhópur um viðhald og stækkun húss Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað við Dalbraut 10 vegna bruna sem átti sér stað í starfsstöðinni 7. maí 2019. Bæjarráð fól bæjarstjóra að skipa vinnuhópinn með fulltrúum embættismanna sem bar að skila af sér niðurstöðum eigi síðar en 15. júní nk. Tillögur vinnuhóps skulu lagðar fyrir skipulag- og umhverfisráð, velferðar- og mannréttindaráð og bæjarráð.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að haldinn verði sameiginlegur fundur með skipulags- og umhverfisráði þar sem farið yrði yfir tillögur vinnuhóps.

3. 1809206 - Þroskahjálp Húsbyggingasjóður - samningur um uppbyggingu við Beykiskóga 17

Samningur er á milli Akraneskaupstaðar og Þroskahjálpar um stofnframlag Akraneskaupstaðar vegna uppbyggingar Þroskahjálpar á fimm leigu íbúðum við Beykiskóga 17. Einingar hússins á byggingarstað og stefnt er að því að byrja að reisa húsið innan fárra daga. Áætlaður afhendingartími er eigi síðar en 1. október 2020.

Lagt fram til kynningar.

4. 2001026 - Frumvarp til laga um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna

Undanfarin tvö ár hefur farið fram margþætt vinna við endurskoðun á félagslegri umgjörð um málefni barna. Liggja nú drög að frumvarpi til laga um þjónustu í þágu farsældar barna fyrir í samráðsgátt.

<https://samradsgatt.island.is/oll-mal/&Cases/Details/?id=2695>

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Einar Brandsson
Anna Þórz Þorgilsdóttir
Kristinn H. Sveinsson